



Í siðareglum Hjálparstarf kirkjunnar segir: Hjálparstarf kirkjunnar hefur sett sér reglur um meðferð og miðlun fjármuna. Þær eru eftirfarandi.

Framkvæmdastjóri hefur prókúru á reikninga stofnunarinnar og ráðstafar fjármunum samkvæmt ákvörðun stjórnar og fjárhagsáætlun hverju sinni.

Skrifstofustjóri/gjaldkeri annast greiðslur samþykktra reikninga og hefur prókúru á útgjaldareikninga vegna þeirra.

Starfsmaður sem hefur umsjón með verki samþykkir reikninga sem berast áður en þeir eru greiddir.

Auk sjálfkrafa kvittana vegna gjafabréfakaupa, framlaga á vefsíðum stofnunarinnar og greiðslna í gegnum posa eru gefna kvittanir fyrir öllum fjárgjöfum og kaupum sem greidd eru með reiðufé.

Starfsfólk er meðvitað um að það vinnur með almannafé og gætir ráðdeildar í hvívetna.

Úttektir í reikning í verslunum skulu undirritaðar og kvittunum skilað til framkvæmdastjóra eða gjaldkera, einnig kvittunum fyrir kaup með greiðslukorti stofnunarinnar.

Fé er ávaxtað samkvæmt stefnu um ávöxtun með lágmarksáhættu. Ekki er fjárfest í hlutabréfum fyrirtækja með varning eða stefnu sem er andstæðu því sem Hk stendur fyrir s.s. á sviði mannréttinda og umhverfismála.

## Endurskoðun reikninga og reikningsskil

Meðferð fjármuna er samkvæmt viðurkenndum bókhalds- og reikningsskilavenjum og endurskoðun reikninga í höndum löggiltra aðila.

Upplýsingar um tekjur stofnunarinnar og ráðstöfun á því eru gegnsæjar, settar fram á einfaldan og skýran máta meðal annars í ársskýrslu.

## Um fjáröflun

Hjálparstarf kirkjunnar aflar ekki fjár með vafasömum hætti og tekur ekki við styrkjum frá einstaklingum eða starfsemi sem vinnur gegn markmiðum stofnunarinnar.

Ávallt er skýrt til hvaða málefni fjár er aflað og uppgjör eftir safnanir eru aðgengileg þeim sem óska að kynna sér þær.

Aldrei skal gefið í skyn að safnanir kosti ekkert.

Tilskilin leyfi fyrir söfnunum eru fengin. Lögum og reglum þar að lútandi er fylgt.

Þegar utanaðkomandi aðili selur varning eða þjónustu til fjáröflunar eða stuðnings við Hjálparstarf kirkjunnar s.s. hljómdisk, aðgang að tónleikum, skal ávallt ljóst í krónum talið, hve stór hluti af söluverði hvers hlutar eða hvers tilviks þjónustu rennur til Hjálparstarfsins.

Þegar gengið er í hús og safnað í bauka á vegum stofnunarinnar eru einungis notaðir merktir og númeraðir baukar.

## **Tekið við gjöfum**

Hk tekur við gjöfum og framlögum til verkefna samkvæmt markmiðum sínum verði kostnaður af þeim ekki umfram það sem eðlilegt má teljast í hlutfalli við verðmæti gjafar.

Leitast skal við, eftir föngum, að beina gjöfum og framlögum í þann farveg sem gefendur óska, komi þær fram, og upplýst um það strax sé það ekki mögulegt.

## **Innra eftirlit**

Stjórn Hjálparstarfs kirkjunnar fer reglulega yfir stöðu fjármála með framkvæmdastjóra og fylgir eftir að verkferlum sé fylgt. Komi upp mál um spillingu eða misferli hjá starfsfólki öðru en framkvæmdastjóra ber honum að kanna málið og upplýsa stjórn sem ákveður framhaldið, hvort málið verði kært til lögreglu, starfsmanni sagt upp eða hvaða annarra ráðstafana verði gripið til. Ef um framkvæmdastjóra er að ræða tekur stjórnin málið fyrir og ákveður framhaldið, hvort málið verði kært til lögreglu, framkvæmdastjóra sagt upp eða hvaða annarra ráðstafana verði gripið til.

## **Brot á reglum**

Leiki grunur á broti á þessum reglum skal það tilkynnt í það minnsta tveimur stjórnarmönnum og rannsakað.

(28. janúar 2011)

Uppfært á stjórnarfundum Hk 5.4.2022.